



Dagsetning: 7. júlí 2023
Málsnúmer: 2307049/0.10.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Sumarlokun bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar 2023

Undanfarin ár hefur sú hefð myndast að afgreiðsla bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar sé lokuð í tvær vikur yfir sumartímann, nánar tiltekið vikuna fyrir og eftir verslunarmannahelgi.

Hér er lagt til að árið 2023 verði sami háttur hafður á þ.e. að afgreiðslur bæjarskrifstofunar að Hafnargötu 2 og afgreiðsla fjölskyldusviðs að Búðareyri 2 verði lokaðar frá og með föstudeginum 28. júlí til þriðjudagsins 8. ágúst.

Síðast liðin ár hefur aðalsímanúmerið, 470 9000, engu að síður verið opið á þeim tíma sem afgreiðslan lokar. Hér er einnig lagt til að sú breyting verða gerð að skiptiborðinu verði lokað einnig á þessum tíma. Er þetta lagt til í ljós þess að um er að ræða tíma þar sem margir starfsmenn eru í sumarfrí og starfsemi bæjarskrifstounnar því í lágmarki. Þeim sem þurfa að koma erindum á framfæri á þessum tíma verður bent á rafrænar lausnir þ.e. tölvupóst og ábendingakerfi.

Þórður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

